

Bæjarráð

Stjórnskipuleg staða

Bæjarráð heyrir beint undir bæjarstjórn.

Bæjarráð fer með fjármála- og framkvæmdastjórn sveitarfélagsins ásamt bæjarstjóra. Bæjarráð hefur yfirumsjón með rekstri allra stofnana á vegum sveitarfélagsins.

Skipan bæjarráðs

Í bæjarráði eiga sæti þrjú bæjarfulltrúar, sem bæjarstjórn kýs til eins árs í senn, í júní ár hvert skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Vesturbyggðar. Á sama hátt eru kjörnir þrjú bæjarfulltrúar til vara. Auk kjörinna fulltrúa bæjarstjórnar á bæjarstjóri rétt á að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti. Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila, sem fulltrúa á í bæjarstjórn, að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétti.

Bæjarstjórn kýs formann og varaformann bæjarráðs úr hópi kjörinna bæjarráðsmanna.

Hlutverk

Hlutverk bæjarráðs er:

- að fara með daglega fjármála- og framkvæmdastjórn sveitarfélagsins, ásamt bæjarstjóra,
- að hafa umsjón með stjórnarsýslu sveitarfélagsins,
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu þeirra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráð fer þó með fullnaðarafgreiðslu í þeim málum sem ekki varða verulega fjárhag bæjarins og ekki er ágreiningur um afgreiðslu á innan bæjarráðsins annars vegar og við bæjarstjóra hins vegar,
- að vinna ásamt bæjarstjóra að nauðsynlegum undirbúningi stefnumótunar og markmiðasetningar bæjarstjórnar í samræmi við þá framtíðarsýn, sem hún hefur á hverjum tíma,
- að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar með starfi fagnefnda nái fram að ganga,
- að starfa með bæjarstjóra,
- að gera tillögur um úrbætur í allri starfsemi á vegum bæjarins,
- að vinna drög að fjárhagsáætlun hvers árs og fjögurra ára áætlun fyrir bæjarsjóð (A-hluti) og fyrirtæki bæjarsjóðs og stofnanir (B-hluti),
- að hafa eftirlit með því að viðkomandi fagnefnd eða stjórn stofnunar skili tillögum til fjárhagsáætlunargerðar vegna þeirra stofnana sem undir hana heyrar,
- að hafa eftirlit með því að einstakir rekstrarliðir í fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og fyrirtækja og stofnana hans séu í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun á hverjum tíma,
- að semja viðauka við fjárhagsáætlun og leggja þá fyrir bæjarstjórn,
- að ákveða skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka skv. fjárhagsáætlun s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og vegna óvissra útgjalda.

Bæjarráð sér um að ársreikningar bæjarsjóðs (A-hluta) og fyrirtækja (B-hluta) séu samdir í samræmi við gildandi lög, reglur og reikningsskilavenjur sveitarfélaga á hverjum tíma. Bæjarráð sér um gerð kjarasamninga og starfsmannamál, þar með talið allar starfsmannaráðningar, sem öðrum hefur ekki verið falið að sinna skv. lögum eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar.

Starfshættir

Um starfshætti nefnda er sérstaklega getið í V. kafla samþykktu um stjórn Vesturbyggðar og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Bæjarráð kemur saman fyrir luktum dyrum að jafnaði tvisvar sinnum í mánuði. Formaður bæjarráðs leggur fram tillögu um fundartíma á fyrsta fundi ráðsins. Bæjarráð

Bæjarráð skal halda gerðabók og rita fundargerð samkvæmt II. lið 16. gr. um fundarsköp og ritun fundargerða skv. samþykktum um stjórn Vesturbyggðar. Fundarritari hefur umsjón með frágangi og ritvinnslu fundargerðarinnar, birtir hana á heimasíðu sveitarfélagsins í lok fundar og leggur hana fram með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs. Fundur í bæjarráði er boðaður með skriflegu eða rafrænu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund og skulu fundargögn birt með rafrænum hætti á lokaðri fundargátt sveitarfélagsins.

Formaður bæjarráðs stýrir fundum ráðsins samkvæmt 30. gr. samþykktar um stjórn Vesturbyggðar.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti bæjarráðs er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

Eftirfylgni

Formaður bæjarráðs og aðrir bæjarráðsmenn skulu snúa sér til bæjarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykktar bæjarráðs.

Réttindi og skyldur

Um réttindi og skyldur bæjarráðsmanna gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Vesturbyggðar, eftir atvikum.

Bæjarráðsmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða staðgengil sinn og láta formann bæjarráðs og bæjarstjóra vita um forföll með góðum fyrirvara.

Bæjarráðsmaður á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til bæjarstjóra a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund skv. 3. mgr. 10. gr. samþykktar um stjórn Vesturbyggðar.

Fundarmenn skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín í bæjarráði en eru ekki bundnir að öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn Vesturbyggðar í atkvæðagreiðslu um málefni í bæjarráði.

Fundarmenn eru bundir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir bæjarráð og ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli máls og lögum hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Þagnarskylda helst þótt nefndarmenn láti af störfum.

Bæjarráðsmaður skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varðar hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal bæjarráð taka mið af þeim lögum og reglugerðum, sem undir starfsvið hennar heyrir, sérstaklega þó lög sem um sveitarstjórnarmál gilda hverju sinni. Þá skal ráðið fylgja samþykkt um stjórn Vesturbyggðar eins og hún er hverju sinni.